

## Tillaga til ályktunar

–Leikmanns- og sambandssamningar –

**Tillagan hljóðar svona:**

Lagt er til að ársþing KSÍ 2024 samþykki eftirfarandi breytingu á reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga:

Það sem lagt er til að falli út er ~~yfirstrikað~~ en það sem lagt er til að bætist við er **rauðmerkt**. Tillagðar breytingar eru eftirfarandi:

**REGLUGERÐ KSÍ**

Félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga

- Áhugamaður/Sambandsleikmaður (amateur):** Leikmaður sem hefur keppnisleyfi með félagi en er þó ekki samningsleikmaður.
- Sambandssamningur (amateur contract):** Samningur sem gerður er við áhugamann þar sem greiðslur til hans geta aðeins náð yfir beinan útlagðan kostnað vegna leikja og kostnað við útbúnað o.fl. en þó aldrei falið í sér heildargreiðslur umfram kr. 300.000 á ári.  
**Áhugamanna samningur (amateur contract):** Samningur sem er gerður við leikmann til á mæta útlögðum kostnaði leikmanns. Útlagður kostnaður getur aldrei farið yfir 300.000 krónur á ári. Útlagður kostnaður er eftirfarandi: skór, sokkar, legghlífar, hitahlífar, innanundir bolur/buxur, íþróttatoppur, túr nærbuxur, matarkostnaður í sambandi við leiki, linsur, sálfræðikostnaður, styrktar þjálfun, næringarþjálfun, bensín kort, strætókort. (Samkomulag aðila upp að 300.000) Félag skal greiða allan kostnað leikmanns vegna meiðsla. Félag hefur heimild til að boða leikmann á æfingar milli 17-20 virka daga. Félag hefur heimild til að boða leikmann tvisvar í mánuði á æfingu á laugardegi. Frí skal ávallt gefið á sunnudögum. Sé mótsleikur á sunnudegi á frídagur ekki við.
- Sambandsleikmaður:** Leikmaður er gerir sambandssamning við félag.
- Leikmannssamningur (professional contract):** Samningur sem leikmaður gerir við félag, sem heimilar honum að taka við greiðslum fyrir knattspyrnuíðkun. **Samningurinn er launþegasamningur og ber félagið ábyrgð á því að greiða skatt og launatengd gjöld samkvæmt landslögum um launþegagreiðslur.**
- Samningsleikmaður (professional):** Leikmaður er gerir leikmannssamning við félag.

**Greinargerð**

Tillagan er gerð með einföldun í huga.

Hugtök nr. 3, 4 & 5 þurfa að vera skýrari til þess að taka allan vafa út hvað varðar greiðslur og launatengd gjöld leikmannasamninga.

Með því að sameina lið 3, 4 & 5 undir nýja 4 grein, er orðið skýrara í reglugerð hvers konar samning félag og leikmaður skrifar undir.

Hugtak nr. 6.

Kjósi félag að semja við leikmann um mánaðarlegar greiðslur, verður sá samningur launþegasamningur. Launþegasamningur felur í sér að félag stendur að greiðslu skatta og annarra launatengdra gjalda samkvæmt landslögum um launþegagreiðslu.

Lágmarkslaun skulu vera sett í efstu tveimur deildum, karla og kvenna, þar sem launþegasamningar gilda, og lagt er til að lágmarkslaun per mánuð verði á eftirfarandi hátt:

- Efsta deild KK og KVK: 100.000kr

# 78. ÁRSPING



24. FEBRÚAR 2024 – ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐ FRAM Í ÚLFARSÁRDAL, REYKJAVÍK

- 1.deild KK og KVK: 75.000kr

Greiðsla í stéttarfélag fyrir knattspyrnuleikmenn yrði til hagsmunasamtaka leikmanna, Leikmannasamtök Íslands (LSÍ), sem tilheyra undir alþjóðlegu leikmannasamtökin FIFPro. Leikmannasamtök Íslands standa vörð um hagsmuni leikmanna á Íslandi og eru viðurkennd af FIFPro. Kostnaður að aðild LSÍ er 7.500kr á ári og greiðist að hálfu félaga í janúar/febrúar á ári hverju.

Með tillögu LSÍ getur íslensk knattspyrna tekið skrefið í átt að betri umgjörð innan sem utan vallar.

**Stjórn Leikmannasamtaka Íslands**